

# Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRDUM

Miðvikudagur 6. janúar 1999 • 1. tbl. • 16. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk



Stjórnendur Básafells hf. á Ísafirði hafa ákveðið að loka rækjuvinnslu fyrirtækisins við Sindragötu 7 á Ísafirði vegna hráefnisskortis.

## Sjávarútvegsfyrirtækið Básafell hf.

# Lokar annarri rækjuverksmiðju félagsins

Stjórnendur Básafells hf. á Ísafirði hafa ákveðið að loka rækjuvinnslu fyrirtækisins að Sindragötu 7 á Ísafirði, þar sem Rækjustöðin hf. var áður til húsa, vegna hráefnisskortis. Rúmlega 20 manns störfuðu við rækjuvinnsluna og mun þeim flestum verða útveguð ný störf innan fyrirtækisins.

Hin nýju störf eru á Flateyri og Suðureyri, en í kjölfar

ákvörðunar stjórnenda Básafells um lokun rækjuvinnslunnar á Ísafirði, var ákveðið að efla bolfiskvinnslu fyrirtækisins á framangreindum stöðum. Í frétt frá fyrirtækinu segir að rækjuveiðar hér við land hafi gengið mjög illa að undanförunni og þar af leiðandi hafi verið mikill skortur á hráefni til vinnslunnar. Svipað útlit muni vera uppi næstu sex

mánuði og því hafi ekki verið um annað að ræða en að hagræða í samræmi við það. Með aðgerðum þessum verður rækjuvinnsla fyrirtækisins dregin saman um þriðjung miðað við síðasta ár.

Lausráðnu starfsfólki Básafells, sem unnið hefur við þrif í rækjuvinnslunni, hefur verið sagt upp störfum. Í dag starfa um 200 manns hjá Básafelli.



Nú árið er liðið...

Þessi mynd af fegurð himinsins var tekin við áramótabrennuna í Hnífsdal á gamlárskvöld. Fleiri myndir þaðan eru á bls. 9. Blaðið óskar lesendum sínum sem og Vestfirðingum öllum, gleðilegs árs.

## Ísafjörður

# Markaðsstarf eft

Stjórnendur SKG-Veitinga ehf. og Hótel Ísafjarðar hf. hafa ákveðið að efla markaðsstarf fyrirtækjanna en í því markaðsstarfi er meðal annars gert ráð fyrir að auka hlut Ísafjarðar á ráðstefnu- og fundamarkaði.

Í frétt frá fyrirtækjunum segir að mjög góð aðstaða sé á svæðinu fyrir fundi og litlar ráðstefnur, flugsamgöngur séu góðar, sérstaklega á tímabilinu frá apríl til október, gístiástaða sé mjög góð sem og fundaraðstaða. Þá er verið að leggja síðustu hönd á fyrirlestrarsal í Framhaldsskóla Vestfjarða, en hann verður búinn öllum nýjustu tækjum auk fjarfundabúnaðar.

## Bolungarvík

# Óli Kitt með dinnerdjass á geisladiski

Í bígerð er að í sumar komi út geisladiskur með tónlistarflutningi Ólafs Kristjánssonar, tónlistarmanns og bæjarstjóra í Bolungarvík. Frumkvæðið er komið frá Hrólfi Vagnsnyri úr Bolungarvík, sem býr í Þýskalandi og rekur þar upptökustúdíó. „Hann vill endilega fá að taka gamla kennarann sinn upp“, sagði Ólafur þegar BB spurði hann út í þetta.

Upptakan mun fara fram í Félagsheimilinu í Bolungarvík, þar sem Óli leikur dinnerdjass á hinn ágæta flygil sem þar er og væntanlega munu einhverjir af gömlu sveiflufélögnum hans hér vestra spila með honum á trommur og bassa og e.t.v. fleiri hljóðfæri.

## 41 einstaklingur lést af slysförum

# Mörg banaslys í umferðinni má rekja til notkunarleysis bílbelta

Fjörutíu og einn einstaklingur lést af slysförum á Íslandi á árinu 1998 samkvæmt bráðabirgðatölum Slysavarnafélags Íslands sem gefnar voru út 29. desember sl. Um er að ræða 31 karl og 10 konur sem létust í 39 slysum.

Eitt banaslys varð á sjó á síðasta ári og er það minnsti fjöldi banaslysa á sjó frá því skráning hófst. Slysavarnafélagið flokkar banaslys í fjóra flokka þ.e. sjóslys og drukknar, umferðarslys, flugslys og

ýmis slys.

Í flokknum sjóslys og drukknar létust þrjú í jafn mörgum slysum. Einn féll útbyrðis af loðnuskipi; einn drukknaði í stöðuvatni og einn drukknaði við köfun. Fjöldi látinna í þessum flokki eru 7,5% af heildarfjölda. Í flokknum umferðarslys, létust 27 einstaklingar í jafn mörgum slysum. Einn erlendur ríkisborgari lést í umferðarslysi á landinu og einn Íslendingur lést í umferðarslysi erlendis.

Fjöldi látinna í umferðinni er 66% af heildarfjölda.

Þrjú erlendir ríkisborgarar létust í einu flugslysi hér á landi á árinu 1998, sem er 7,5% af heildarfjölda. Í flokknum ýmis slys, létust átta manns í jafn mörgum slysum. Ýmis slys eru 19% af heildarfjölda. Slysavarnafélag Íslands hefur miklar áhyggjur af fjölda banaslysa í umferðinni en mörg þessara slysa má rekja til þess að bílbelti voru ekki notuð.



Gripill, gaffer og skrifta

— sjá viðtal við Ólaf Jónasson í miðopnu



EFTIR ÞESSA VIKU Í PARADÍS MUNU ÞAU ÞURFA Á FRÍI AÐ HALDA!



700 MANNS ER SAKNAÐ. EN ÞAD ER BARA BYRJUNIN!



EITT SEKUNDBROT GETUR SKIPT MALI.

HAMRABORG  
Sími: 456 3166





# Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Brunngötu 7 • 400 Ísafjörður  
Sími 456 4233 og 456 3980

## **Séreignadeild** *hefur tekið til starfa*

Lífeyrissjóður Vestfirðinga byggir á 27 ára reynslu við meðhöndlun lífeyris- og réttindamála

### **Vestfirskir launþegar**

*Leitið ekki langt yfir skammt við ráðstöfun  
á lífeyrissparnaði ykkar*

Frá og með 1. janúar 1999 er 2.0% viðbótarframlag í séreignasjóð frádráttarbært frá tekjuskattstofni

Allar nánari upplýsingar veitir skrifstofa sjóðsins  
alla virka daga kl. 8.00–16.00

# Arsenal + sjómennska + mótorhjól = tattóveringar

Það hefur tíðkast lengur en elstu menn muna, að sjómenn láti húðflúra („tattóvera“) sig. Helsta ástæða þess fyrr á árum, að íslenskir sjómenn gerðu það fremur en t.d. íslenskir bílstjórar eða skrifstofumenn, var væntanlega sú, að slík þjónusta stóð til boða í erlendum hafnarborgum en var óþekkt hér heima. Það hefur hins vegar breyst á seinni árum.

Tveir aðrir hópar manna en sjómenn eru þekktir fyrir að bera gjarnan húðflúr. Annars vegar eru það mótorhjólakappar og hins vegar eldheitir fylgjendur tiltekinna erlendra knattspyrnuliða. Og þegar allt þetta þrennt fer saman hjá einum og sama manningum, þá er það að heita má óhjákvæmilegt að húð hans sé nokkuð skrautleg á að líta.

Sigurvin Samúelsson, þrjátíu og þriggja ára heimilisfaðir á Ísafirði (reyndar innfæddur Ísafirðingur og að eigin sögn tuttugu og þrettán ára að aldri), uppfyllir allt þetta: Hann er sjómaður, hann er félagsmaður í Sniglunum og hann er eldheitur addáandi og stuðningsmaður Lundúnaliðsins Arsenal. Um leið og hann byrjar að bretta upp ermarnar, þá fara skrautleghetitn á skinninu að koma í ljós. Og það er allt gert hér heima á Íslandi, ýmist fyrir sunnan eða vestur á Ísafirði.

Við lítum inn hjá Sigurvin og þriggja og hálfis árs syni hans á heimili þeirra á Ísafirði. Eiginkonan er ekki enn komin heim af fæðingarveildinni á FSÍ með nýfæddan son, en hann var næstsíðasta barnið sem fæddist þar í lok nýliðs árs. Auk sonanna tveggja með eiginkonunni á Sigurvin tvær eldri dætur – „ég á fjögur börn með þremur konum.“ Í tilefni

## Sigurvin Samúelsson hefur allar forsendur þess að vera húðflúraður

barnsfæðingarinnar er Sigurvin í fríu einn tíu, en annars er hann á Orranum og kom vestan af Flæmingjagrunni rétt fyrir jól eftir langa útivist. Eins og vænta má eru feðgarnir sem heima bíða báðir í Arsenal-búningum. Sigurvin ber treyju nr. 11 og nafnið Overmars á bakinu. Væntanlega fær eldri strákurinn innan tíðar treyju með nafni Bergkamp. Aðeins þessir tveir Hollendingar leika með Arsenal um þessar mundir – „ef þeir væru þrír, þá væri liðið á toppnum núna“, segir Sigurvin.

### Arsenal-klúbburinn

Hérlandis er starfandi Arsenal-klúbbur, sem stofnaður var fyrir einum sextán árum, og Sigurvin er meðal féлага. Alls munu félagsmenn vera kringum 800, þar af um 45 á Vestfjörðum. „Ég tók mig til einu sinni og hafði samband við þá sem ég vissi að voru stuðningsmenn Arsenal og spurði hvort þeir vildu ganga í klúbbinn, og þegar upp var staðið var ég búinn að skrifa tuttugu og tvo.“


Starfsemi klúbbsins er helst á vorin þegar dregur að úrslit-

um í Englandi. En mikið klúbbfélögum eru sjómenn og það stendur starfinu vissulega nokkuð fyrir þrifum. Af hördum og þekktum Arsenalmönnum hér vestra nefnir Sigurvin m.a. Jóa Símun og Jónas Jóhannsson héraðsdómara, sem reyndar er fluttur burtu núna. Sigurvin hefur ekki enn farið á Highbury til að horfa á liðið leika, en hefur vissulega hug á því – „ef ég geri það ekki á næsta ári, þá held ég að ég afskrifi það“, segir hann.

Margt minnir á Arsenal á heimili Sigurvins. Kaffifantarinn í eldhúsinu, Zippo-kveikjarinn og fleira og fleira er með merki félagsins. Sá sem flúraði Arsenal-merkið á handlegg Sigurvins notaði merkið á kveikjarinum sem fyrirmynd.

### The Gunners

Orðið „arsenal“ þýðir vopnabúr. Í anda þess er einkenni félagsins fallbyssu og gælunafn þess er The Gunners (skytturnar). Arsenal er meira en aldargamalt félag og mun vera eina liðið sem hefur aldrei fallið úr efstu deildinni í Englandi, fremur en Valur á Íslandi. „Valur



Í treyju nr. 11 að bíða eftir konu og nýfæddum syni

## TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI  
456 3940 & 456 3244 • Fax: 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is



## Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

### Einbýlishús / raðhús

**Fagraholt 5:** 140,6 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð í mjög góðu standi, ásamt bílskúr. Laust strax. Ahv. ca. 4,7 millj. Verð kr. 11,500,000,-  
**Góuholt 1:** 142 m<sup>2</sup> einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt bílskúr. Ahv. ca. 5,8 millj. Verð kr. 11,600,000,-  
**Góuholt 3:** 140,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Ahv. ca. 2,7 millj. Verð kr. 12,000,000,-  
**Hjallavegur 19:** 242 m<sup>2</sup> einbýlishús á 2. hæðum ásamt innb. bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ymis skipti möguleg. Ahv. ca. 5 millj. Verð kr. 11,500,000,-  
**Hlíðarvegur 31:** 130 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Húsið er allt að mestu uppgerð. Mjög gott útsýni. Verð kr. 10,700,000,-  
**Seljalandsvegur 4a:** 96,1 m<sup>2</sup> einbýlishús á 3 hæðum ásamt eignarlóð. Nýtt þak, húsið tekið í gegn að utan. Mögul. á

fjölgun herb.

Verð kr. 5,200,000,-  
**Seljalandsvegur 12:** 145,1 m<sup>2</sup> einbýlishús á þremur hæðum ásamt eignarlóð. Verð kr. 7,500,000,-  
**Seljalandsvegur 48:** 188 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Ahv. ca. 700 þús. Verð kr. 12,700,000,-  
**Seljalandsvegur 69:** 180,6 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð kr. 9,500,000,-  
**Seljalandsvegur 84a:** 85 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð, endurbýtt 1992. Verð kr. 6,200,000,-  
**Tangagata 6a:** 99,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum. Laust fljótlega. Oil tilboð skoðuð. Ahv. ca. 1,5 millj. Verð kr. 6,800,000,-  
**Tangagata 15b:** 103 m<sup>2</sup> einbýlishús á 2 hæðum ásamt uppgerðum geymsluskúr. Laust fljótlega. Ahv. ca. 3,3 millj. Verð kr. 6,200,000,-  
**Urðarvegur 13:** 85 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara.

Skipti á stærri eign möguleg. Ahv. ca. 3,2 millj. Verð kr. 5,500,000,-  
**Urðarvegur 27:** 190,5 m<sup>2</sup> einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign möguleg. Verð kr. 13,500,000,-

### 4-6 herbergja íbúðir

**Engjavegur 31:** 92,1 m<sup>2</sup> 4ra herb. íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi. Mikil uppgerð, skipti á stærri eign möguleg. Ahv. ca. 2,2 millj. Verð kr. 5,500,000,-  
**Fjarðarstræti 11:** 131 m<sup>2</sup> 4ra herb. íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Ahv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 6,800,000,-  
**Hjallavegur 8:** 128,5 m<sup>2</sup> 4ra herb. íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Ahv. ca. 2,8 millj. Laus 1. janúar 1998. Verð kr. 6,900,000,-  
**Hnífsdalsvegur 27:** 182 m<sup>2</sup> glæsileg íbúð með parketi og harðv. innr. Einnig 415 m<sup>2</sup> iðnaðar- og viðg. húsnæði ásamt lagerhúsnæði. Tilboð Sólfgata 5: 102 m<sup>2</sup> 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norður-enda í tvíbýlishúsi. Ahv. ca. 3,5 millj. Verð kr. 5,000,000,-  
**Sólfgata 8:** 101,7 m<sup>2</sup> 3-4ra herb. íbúð á e.h. í tvíbýlishúsi ásamt helm. kjallara og rislofts. Skipti á minni eign möguleg. Ahv. ca. 850 þús. Verð kr. 7,000,000,-  
**Stórholt 13:** 123 m<sup>2</sup> 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölþýli ásamt bílskúr. Íbúðin er mikið uppgerð. Ahv. ca. 567 þús. Verð kr. 7,900,000,-  
**Túngata 21:** 77,8 m<sup>2</sup> 4ra herb. risibúð á 3ju hæð í þrjúþýli. Inng. sameiginl. m/2. hæð. Nýlega viðgert þak. Ahv. ca. 600 þús.



### Brunngata 12a:

68 m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi að hluta undir risi. Verð kr. 2,900,000,-

Verð kr. 5,600,000,-

### 3ja herbergja íbúðir

**Pólgata 6:** 55 m<sup>2</sup> risibúð í fjölþýlishúsi, ásamt geymslu í kjallara. Mikil endurnýjuð. Góð kjör í boði. Verð kr. 2,900,000,-  
**Stórholt 11:** 80 m<sup>2</sup> íbúð í góðu standi á 3. hæð til hægri í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Ahv. ca. 2,5 millj. Verð kr. 5,800,000,-

### 2ja herbergja íbúðir

**Aðalstræti 20:** 94 m<sup>2</sup> íbúð á 4. hæð til hægri í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Ahv. ca. 1,7 millj. Verð kr. 5,900,000,-  
**Hlíf II, Torfnesi:** 50,4 m<sup>2</sup> íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Ahv. ca. 3,9 millj. Verð kr. 6,200,000,-  
**Túngata 18:** 53,4 m<sup>2</sup> íbúð á jarðhæði í nýlega uppgerðu fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð kr. 4,300,000,-

### Atvinnuhúsnæði

**Austurvegur 1:** 103,4 m<sup>2</sup> skrifstofuhúsnæði á 3. hæð. Fallegt útsýni. Laust fljótlega.

**Verð kr. 5,500,000,-**  
**Mjallargata 5:** 200 m<sup>2</sup> verslunarhúsnæði á neðri hæð og gistihelmingi á efri hæð. Ahvíandi 3 millj. Verð kr. 7,500,000,-  
**Aðalstræti 20b:** 215 m<sup>2</sup> verslunar- og þjónustuhúsnæði í miðbænum. Tilheyrandi 166 m<sup>2</sup> eignarlóð. Verð kr. 16,700,000,-

### Bolungarvík

**Hafnargata 7:** 70 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt helmingskjallara. Tilboð óskast



Ólafur Jónasson er ungur Ísafirðingur (af hinni góðkunnu Góustaðaætt) sem fluttist suður fyrir um sex árum og hefur síðan unnið við kvikmyndagerð, yfirleitt sem „gripill“. Núna um jól og áramót hefur hann verið að störfum á Flateyri við gerð íslenskrar (vestfirskrar) kvikmyndar í fullri lengd, en vonir standa til að hægt verði að ljúka tökum á henni í sumar.

Myndin er að öllu leyti tekin á Flateyri. Höfundar handritsins og leikstjórar eru Lýður Árnason, hinn vinsæli og nafntogaði læknir á Flateyri, Jóakim Hlynur Reynisson (dóttursonur Jóakims heitins Pálssonar í Hnífsdal) og Hildur Jóhannesdóttir kona hans. Handritið komst í undanúrslit í handritasamkeppni hjá Kvikmyndaþjóði, en fékk ekki framleiðslustyrk að svo stöddu, þannig að þau ákváðu að fara af stað með verkefnið upp á eigin spýtur. Núna hafa staðið yfir tökur á jólaatriðum og vetrarsenum í myndinni, en úr þeim verður síðan gerð stuttmynd til kynningar.



# Gripill, gaffer og skrifta

**Nýársdagsspjall við Ísafirðinginn og gripilinn Ólaf Jónasson, sem hefur unnið við gerð fjölda kvikmynda og nú síðast í samvinnu við Lýð lækni og kompaní á Flateyri**

## Hinrik Ólafsson, Einar Oddur og fleiri finir leikarar

„Þarna eru finir íslenskir leikarar“, segir Ólafur Jónasson í samtali við Bæjarins besta, „eins og Hinrik Ólafsson, Margrét Vilhjálmsdóttir, Halla Margrét, Sóley Elíasdóttir og Hilmar Jónsson, sem er reyndar þekktari sem leikstjóri.“ Tökumaður er Guðmundur Bjartmarsson, en hann hefur mikla reynslu á því sviði, ekki síst við tökum á auglýsingamyndum. Ýmsir bæjarbúar á Flateyri koma fram í myndinni, svo sem Lára á Vagninum og Sigrún Gerða Gísladóttir á Sólbakka, sem er með ágætis rullu, og reyndar er líka eiginmaður hennar, Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður, og margir fleiri heimamenn í litlum hlutverkum. Framkvæmdastjóri við gerð myndarinnar er Kristrún Birgisdóttir, kennari við Grunnskólann á Flateyri.

## Hvað er gripill?

Ólafur Jónasson hefur á liðnum árum starfað einkum sem gripill og einnig sem ljósamaður – „og núna við gerð þessarar myndar er ég eiginlega hvort tveggja.“  
– Gripill er væntanlega það sem kallað er „grip“ á ensku. Hvað er það eiginlega? Maður sér í lok útlendra kvikmynda nær endalaus upptalningu af skrifnum og sumum allt að því óskiljanlegum titlum...  
„Gripill er sá sem sér um samræma hreyfingar tökuvélanna og allt öryggi í kringum þær. Hann setur vélarnar upp og þegar notaðir eru tökukranar stjórnar gripillinn notkun

þeirra. Eins sér hann um svokallaðan „dolly“, en það er tökuvagn sem rennur eftir teinum. Annars er orðið „grip“ ekki túlkað allsstaðar eins. Í bandarískum myndum er venjulega talað um „key grip“ sem stjórnar og síðan eru taldir upp nokkrir „grips“ á eftir honum og hefur hver sitt hlutverk – „dolly grip“ sér um vagninn og tökuvélina á honum o.s.frv.“

## En gaffer og best boy?

– En hvað er „gaffer“ og „best boy“ og „boom operator“?  
„Gaffer er ljósamaður, best boy er aðstoðarljósamaður og boom operator er sá sem stjórnar stönginni með hljóðnemanum.“

– Og ég sem hélt að best boy væri snúningastrákur og boom operator væri sá sem stjórnaði krana með tökuvél...  
„Það má segja að best boy sé eins konar senditík fyrir ljósamanninn. Hann hleypur í bílinn og sækir gelið sem maður setur framan á ljósin til að breyta litum og annað sem þarf hverju sinni eftir fyrir mælum gaffersins. Í Bandaríkjunum gerir gafferinn venjulega ekkert sjálfur annað en segja aðstoðarmönnunum fyrir verkum: Hér vil ég fá ljós og hér vil ég fá ljós o.s.frv.“

– Líka kemur fram í romsinni í lokin á kvikmyndum hver þjálfaði hundinn og hver smurði samlokurnar ofan í liðið. Hver annast „catering“ eða matseldina ofan í mannskapinn á Flateyri?  
„Það er hún Lára á Vagninum. Við borðum alltaf þar.“

– Ertu búinn að vera lengi við kvikmyndagerð?

## Út í hött – inn í mynd

„Ég er búinn að vera við þetta eingöngu í um sex ár. Ég byrjaði árið 1992 með því að fara á dálítið námskeið þegar ég flutti suður og fór svo að vinna hjá kvikmyndaþjóði sem hét Út í hött – inn í mynd. Framkvæmdastjóri þess var um tíma Valdimar Birgisson, sonur Bigga Vald á Ísafirði, og líka komu þar við sögu Mummi í Mótorsmiðjunni og Jón Tryggvason, sem leikstýrði Foxtrott. Upp úr þeim kynnum mínum af Jóni Tryggvasyni fór ég að vinna töluvert með honum og við gerðum saman nokkrar stuttmyndir, sem komu út á vídeói undir heitinu Úr ljósaskiptunum eða eitthvað slíkt. Síðan fór ég með honum í myndina Nei er ekkert svar og var gripill þar. Eftir það vann ég við Djöflaeyjuna, en þar var ég bara við að smíða leikmyndina en ekki í tökum sjálfum.“

## Perlur og svín, Stikkfrí, Myrkrhöfðinginn...

„Svo var ég í einni striklotu gripill í Blossa, Perlum og svínum, dönsku myndinni Vildspor og Stikkfrí. Síðan hef ég verið gripill í útistöku í Myrkrhöfðingjanum hans Hrafns Gunnlaugssonar, sem ekki er farið að sýna ennþá, og núna síðast fyrir jólin var ég að vinna í tékkneskri mynd sem er lauslega byggð á máli Halims Al og Sophiu Hansen. Einn vetur fyrir nokkrum árum var ég skrifta í Stundinni okkar hjá Sjónvarpinu.“

## Flugvél í Ben Húr

– Hvað er skrifta?

„Í sjónvarpi er ekki leikstjóri við þáttagerð af þessu tagi, heldur „próðúsent“ eða framleiðandi, en skriftan er aðstoðarframleiðandi. Þetta er væntanlega kallað „skrifta“ vegna þess að það voru bara konur í þessu til að byrja með. Í kvikmyndum er til nokkuð sem kallað er „script girl“ en það er allt annað verkefni, til dæmis að passa upp á „continuity“ eða að allt sé eins frá einu myndskreiði til annars, t.d. að bollinn sé ekki hérna núna og svo allt í einu þarna, eða að leikarinn sé ekki allt í einu kominn í aðra skyrtu. Í stórmyndinni Ben Húr sem gerist fyrir eitthvað um tvö þúsund árum var einhver leikarinn með armbandsúr og í einni senunni sést flugvél á ferð. Og í sjónvarpsmynd sem ég sá um daginn var meira að segja heill hljóðmaður í mynd!“

## Eins og mánaðartúr á sjó

– Er ekki óhemju gaman að vinna við kvikmyndagerð?  
„Jú, það getur verið heilmikið gaman, en það er líka miklu erfiðara en fólk heldur. Vinnutíminn er yfirleitt minnst tólf tímar á dag og það er unnið sex daga vikunnar en frí einn dag. Þetta er hreinlega eins og að fara í mánaðartúr á sjó.“  
– Nú erum við að spjalla saman að kvöldi nýársdags – þú ert búinn að vera að vinna frá því í morgun og varst að vinna allan daginn í gær...  
„Einnmitt. Og er að fara aftur að vinna núna á eftir!“  
– Hefur margt breyst í þessu starfi á þinni tíð?  
„Tækjakosturinn hefur breyst mjög mikið á þessum

árum sem liðin eru frá því að ég byrjaði. Núna eru tækin orðin miklu stærri og þyngri og mikill burður. Ég hef aldrei verið með aðstoðarmann. Ég er alltaf að berjast fyrir að fá aðstoðarmann, en það gengur nú ekki sem skyldi. Tökustaðir geta verið mjög erfiðir. Eins og t.d. í Myrkrhöfðingjanum þurfti að bera tækin langar leiðir, því að það var ekki hægt að koma við bíl. Í einu atriðinu þurfti að fara með tækin upp á heljarmikið fjall, en þá var reyndar notuð þýrla. Þá fór heill dagur í að undirbúa tvö skot eða þar um bil. Það þykir gott í kvikmyndum ef maður nær fjórum-fimm mínútum í myndina á tólf tíma vinnudegi. Það þýðir minnst þrjátíu daga við tökum.“

## Að minnsta kosti geggjáður

– Segðu mér: Er Hrafn Gunnlaugs geggjáður snillingur, eins og sumir vilja meina?

„Það er hann tvímælaust. Að minnsta kosti geggjáður! Hann getur verið ágætur, en hann á það til að taka fólk fyrir. Og stundum finnst manni hann alls ekki vera með það á hreinu, hvernig hlutirnir gerast. Hann vill að þeir séu búnir um leið og hann hugsar þá. En vissulega er hann ekkert einn um það.“

– En hvernig er Friðrik Þór?  
„Ég hef nú aldrei unnið með honum sjálfum. Ég hef bara unnið fyrir fyrirtæki hans. En hann er að minnsta kosti mun rólegri en Hrafn. En það er mjög oft mikið skipulagsleysi við tökurnar á íslenskum myndum. Það er verið að reyna að gera allt á svo stuttum tíma, redda öllu á síðustu

stundu og allt í volli, því að peningarnir eru svo litlir sem menn hafa úr að spila.“

## Misjafnt gengi kvikmyndanna

– Nú hafa ýmsir íslenskir kvikmyndagerðarmenn farið mjög illa út úr viðfangsefnum sínum fjárhagslega. Hefur þú lent í því að fá ekkert borgað fyrir vinnu þína?

„Það kom fyrir í byrjun. Til dæmis þegar ég var að vinna við Nei er ekkert svar, þá var ég að vinna frítt. Þar voru eiginlega allir að vinna frítt, en mannskapurinn hafði vil-yrði fyrir peningum ef myndin mundi ganga. En hún gekk ekki. Maður fékk einhverja smáaura og fékk mat og upphald á meðan. Já, það eru margir búnir að fara á hausinn í þessum bransa. Það gerist aðallega þegar menn eru að framleiða sín eigin verk. Þá leggja þeir allt í sölurnar í þeirri von að dæmið gangi upp. Svo gengur það ekki upp. En þetta er að verða allt öðruvísi núna. Maður er orðinn nokkuð öruggur með að fá borgað, vegna þess að þeir eru búnir að gera sér grein fyrir því, að þeir geta ekki haldið mikið lengur áfram í bransanum ef þeir borga fólkinu ekki laun. Þá vill enginn vinna fyrir þá. En síðan eru launin sjálf allt annar kapituli. Maður er alltaf að berjast við að fá þau hækkuð, því að þau eru vissulega ekki há. Maður ræður sig sem verktaka og þarf að borga allskonar gjöld af laununum. Það er alveg nýkomið að maður fái borgaða yfirvinnu. Til skamms tíma var bara samið um ákveðinn taxa á dag.“





## Innbrot í Stefni

Rétt fyrir jólin var brotist inn í togarann Stefni, þar sem hann lá í Ísafjarðarhöfn. Nokkrar skemmdir voru unnar og hafði verið reynt árangurslaust að komast í apótek skipsins, en engu var stolið.

Svo vildi til, að lögreglan kom til vettvangsrannsóknar um borð í skipinu einmitt á sama tíma og fíkniefnaleit fór fram í öðru skipi í Ísafjarðarhöfn. Það var ein ástæðan fyrir þeim misskilningi í síðasta blaði, að einnig hefði verið leitað fíkniefna um borð í Stefni. Svo var alls ekki.

Að undanfögnu hafa verið talsverð brögð að innbrotum í skip á Ísafirði, þar sem tilgangurinn hefur bersýnilega verið sá að komast yfir lyf.

## Sólarkaffi Ísfirðinga

Árlegt Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík (og um land allt) verður á Hótel Íslandi föstudagskvöldið 22. janúar og hefst kl. 20.

Þar verður glæsileg dagskrá að vanda og fram koma m.a. Bergþór Pálsson, Rúnar Þór Pétursson, Ómar Ragnarsson og fleiri sem ekki verður greint frá fyrirfram. Veislustjóri verður Sammi á Bjargi (Samúel Samúelsson lækni). Hljómsveit Stefáns P. spilar. Miðasala verður á Hótel Íslandi og hefst laugardaginn 16. janúar og þar á hótelinu geta þeir sem vilja fengið gistingu og aðra virkt.

## Vestfirðir Stofnun og rekstur fyrirtækja

Eins og fram kom í síðasta blaði eru Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða að fara af stað með verkefni í samvinnu við Iðntæknistofnun, sem ætlað er að lyfta undir með fólki með viðskiptahugmyndir. Verkefnið, sem heitir *Ýtt úr vör – viðskiptahugmynd að veruleika*, er einnig ætlað þeim sem þegar eru í rekstri og vilja auka við færni sína og þekkingu. Þau Aðalsteinn Óskarsson, Dagný Sveinbjörnsdóttir, Guðbergur Þorvaldsson og Einar Snorri Magnússon hjá Atvinnuþróunarfélaginu og Guðrún Stella Gissuraradóttir hjá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða segja nánar frá verkefninu og tilhögun þess:

### Verkin látn tala

„Verkefnið snýst um að vinna með fólki við að gera viðskiptahugmyndir að veruleika. Við ætlum líka að taka inn fólk sem er þegar í rekstri og vill bæta færni sína og þekkingu og hefur jafnvel rekið sig á það skortir þekkingu á einstökum sviðum rekstrarins. Einnig þá sem hafa viðskiptahugmynd sem þeir vilja útfæra í því skyni að koma sér upp eigin rekstri eða skapa sér starf vegna ónógrar

# Réttindi á vinnuvélar

Vinnuvélanámskeið hefst á Ísafirði 15. janúar ef þátttaka næst.

Námskeiðið er kvöld og helgarnámskeið.

Námskeiðið veitir rétt til verkegrar próftöku á allar gerðir vinnuvéla.

Upplýsingar og skráning í sínum  
570 7290 og 570 7289

Einnig er tekið við skráningu í tölvupóstfangi: fraedsla@iti.is

Iðntæknistofnun

atvinnu. Hér er fyrst og fremst um að ræða námskeið í stofnun og rekstri smáfyrirtækja, líkt og Iðntæknistofnun hefur gert um árabíl, nema hvað hér

verður farið mun rækilegar ofan í hlutina og á lengri tíma. Við munum vinna formlega með þátttakendum í um 20 vikur að gerð viðskiptaáæt-

ana. Síðan mun Atvinnuþróunarfélagið styðja áfram við bakið á þeim eins og öðrum frumkvöðlum á sviði framleiðslu eða þjónustu."



### Afmæli

## 50 ára

Páll Gunnar Loftsson húsasmiður og altnuligmand hjá Skipasmíðastöðinni hf. verður 50 ára á morgun, 7. janúar.

Hann biður vini og velunnara að líta inn og gleðjast með sér í Edinborgarhúsinu laugardaginn 9. janúar frá kl. 17 til 19.

### Vestfirðir

## Hlyni veitt viðurkenning

Miðvikudaginn 30. desember sl., veitti Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri á Ísafirði, Hlyni Snorrasyni, lögreglufulltrúa og verkefnisstjóra Vá-Vest-hópsins viðurkenningskjal fyrir ágæt störf að forvörnum.

Var Hlyni veitt viðurkenningin á árlegum fundi lögreglustjóra með öllum lögreglumönnum á Ísafirði, þar sem atburðir liðins árs eru skoðaðir og lagðar línur fyrir það næsta.

## Rannveig Hjaltadóttir hlaut styrk úr Minningarsjóði Gyðu Maríasdóttur

# Eignir sjóðsins hátt í tíu milljónir króna

Rannveig Hjaltadóttir, kennari á Ísafirði, hlaut 250 þúsund króna styrk úr Minningarsjóði Gyðu Maríasdóttur, en kunnert var um úthlutunina miðvikudaginn 30. desember sl. Rannveig er tunda konan sem hlýtur styrk úr sjóðnum, og fékk hún hann til að stunda nám í heimilisfræðum og smíðum við Kennaraháskólann í vetur. Rannveig var eini umsækjandinn, þegar auglýst var eftir styrkumsóknum í vetur.

Sá sjóður sem hér um ræðir er kenndur við Gyðu Maríasdóttur, sem var fædd á Ísafirði 17. júní 1891 og andaðist 7. júlí 1936, aðeins 45 ára að aldri. Foreldrar hennar voru Marías Guðmundsson verslunarmaður á Ísafirði og kona hans Hólfríður Sigurðardóttir. Gyða fór tvítug til Danmerkur og dvaldist þar árin 1911-1924 við húsmæðranám og síðan matreiðslustörf í Kaupmannahöfn. Þá kom hún aftur til Ísafjarðar, gerðist skólastjóri Húsmæðraskólans Óskar og gegndi því starfi

til dauðadags eða í tólf ár. Hún var ógift og barnlaus.

Árið 1962 ákváðu fyrrverendur nemendur Gyðu frá árinu 1932 að stofna sjóð til minningar um hana. Í sjóðinn gáfu einnig aðrir gamlir nemendur og vinir en langstærstan hlut í myndun sjóðsins sem í árslok 1997 nam kr. 9.626.675.-, áttu þó systkini Gyðu, þær Hrefna og María Maríasdætur og sérstaklega Jón G. Maríasson bankastjóri Landsbanka Íslands. Þau arfleiddu sjóðinn að miklum hluta eigna sinna, auk þess sem systurnar gáfu Húsmæðraskólanum Ósk ýmsa muni, m.a. úr dánarbúi Gyðu heitinnar. Systkinin þrjú önduðust öll á árunum 1970 til 1973.

Fyrsti bókfærði fundur í stjórn minningarsjóðsins var haldinn 28. apríl 1972 í Húsmæðraskólanum Ósk. Þar var farið yfir skipulagsskrá sjóðsins sem samþykkt hafði verið á fundi í skólanefnd Húsmæðraskólans 10. apríl sama ár og send forseta Íslands til



Stjórn Minningarsjóðs Gyðu Maríasdóttur ásamt styrkþegnum. F.v. Magdalena Sigurðardóttir, Rannveig Hjaltadóttir, Brynjólfur Þór Brynjólfsson og Björn Teitsson.

staðfestingar. Samkvæmt skipulagsskránni var tilgangur sjóðsins „... að veita viðurkenningu og styrk til framhaldsnáms í húsmæðrafræðum...“ Þær konur skyldu einar hafa rétt til styrktar úr sjóðnum sem ættaðar væru frá Ísafirði eða nágrenni, og var talið æskilegt að kona sem styrk fengi, hefði stundað nám við Húsmæðraskólann. Skipu-

lagsskráin hlaut formlega staðfestingu árið 1981. Á síðasta ári hefur, í ljósi ýmslegra breytinga á aðstæðum, verið unnið að endurskoðun skipulagsskrárinnar.

Fyrst var veittur styrkur úr sjóðnum 8. desember 1979 og hlaut hann Guðrún Vigfúsdóttir vefnaðarkennari, sem viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Að henni meðtalinni

hafa alls níu vestfirskar konur fengið styrki úr minningarsjóðnum, sumar nokkrum sinnum og nær alltaf hefur verið um námsstyrki að ræða. Núverandi stjórn sjóðsins skipa þau Magdalena Sigurðardóttir, formaður, Brynjólfur Þór Brynjólfsson og Björn Teitsson.



**Sigríður Þorlákisdóttir vann sinn fyrsta FIS-sigur á móti í Svíþjóð**

# „Ísländsk seger“

Sænska dagblaðið Länstidningen gerir mikið úr sigri ísfrisku skíðakonunnar Sigríðar Þorlákisdóttur á FIS-móti í svigi í Åre í Svíþjóð skömmu fyrir jól – miklu meira en úr keppninni í karlaflokki, þar sem þó voru Svíar í fjórum efstu sætum.

Eftir fyrri ferð var Sigríður í öðru sæti í kvennaflokki, en hún „gjorde ett mycket bra

andraåk“ (fór mjög góða seinni ferð) og náði fyrsta sætinu með glæsibrag. Í öðru sæti varð finnska stúlkan Katja Jantunen. Sænska stúlkan Malin Hultdin varð þriðja, en henni hafði verið spáð sigri.

„Þessu bjóst ég ekki við“, sagði „Sigríður Thorlákisdóttir“ meðal annars í samtali við Länstidningen, en fyrir-sögnin á frásögn blaðsins

af mótinu var Ísländsk seger, og þarf naumast að þýða það á íslensku. Samkvæmt frásögn blaðsins er þetta fyrsti sigur Sigríðar á FIS-móti. Textinn undir mynd af henni hljóðar svo: „Sigur. Íslenska stúlkan Sigríður Þorlákisdóttir var geysilega ánægð – sigur hennar á svigmótinu í Åre í gær kom henni gersamlega á óvart.“

# Ísländsk seger

ÁRE (17) Mörskur þorlákis dóttir vann sigrið á FIS-móti í Svíþjóð. Þetta var fyrsta sigur hennar á FIS-móti. Hún varð fyrsta Íslendingin sem vann FIS-sigur. Hún varð fyrsta Íslendingin sem vann FIS-sigur. Hún varð fyrsta Íslendingin sem vann FIS-sigur.



Ísländsk seger. Þetta var fyrsta sigur hennar á FIS-móti. Hún varð fyrsta Íslendingin sem vann FIS-sigur. Hún varð fyrsta Íslendingin sem vann FIS-sigur. Hún varð fyrsta Íslendingin sem vann FIS-sigur.

FÖRSTA SIGURIN. Þetta var fyrsta sigur hennar á FIS-móti. Hún varð fyrsta Íslendingin sem vann FIS-sigur. Hún varð fyrsta Íslendingin sem vann FIS-sigur. Hún varð fyrsta Íslendingin sem vann FIS-sigur.

## Ekki nauðsynlegt að fara suður til að komast á Vínardansleik

# Glæsilegur fagnaður Zonta-kvenna

Zontaklúbburinn Fjörgyn, sem starfar á Ísafirði og í nágrenni, gekkst fyrir Vínardansleik og veislufagnaði („gala-kvöldi“) í Félagsheimilinu í Hnífsdal að kvöldi annars dags hins nýja árs. Fagnaðurinn var glæsilegur og fór hið besta fram. Það kom í ljós, að ekki er alltaf nauðsyn að fara suður (eða til Vínarborgar) til þess að komast á Vínardansleik.

Zontaklúbbar eru starfsgreinaklúbbar kvenna, að nokkru leyti svipaðir og hliðstæðir Rotaryklúbbum. Tilgangur þeirra er einkum að styðja við menningu og listir og gera byggðirnar blómlegri. Fimm slíkir eru starfandi á Íslandi og í Fjörgyn eru nú 39 konur. Árlega er skipt um formann, rétt eins og alla embættismenn í Rotaryklúbbum. Núverandi formaður Fjörgynjar er Emma Rafnsdóttir, en fráfarandi formaður, Jósefína

Gísladóttir, annaðist skipulagningu fagnaðarins. Umdæmisstjóri Zonta á Íslandi er Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur í Reykjavík.

Á Vínardansleiknum í Hnífsdal söng Guðrún Jónsdóttir óperusöngkona við undirleik Beötu Joó. Hörður Harðarson lék á saxófón og munnhörpu við píanóleik Þórarins Gíslasonar. Að sjálfsgöðu var mikið dansað, en Vínarkvintettinn lék fyrir dansinum. Hljómsveitarstjóri var Baldur Geirmundsson sem lék á harmóniku, en Magnús Reynir Guðmundsson lék á bassa, Samúel Einarsson á selló, Gunnar Hólm á trommur og Þórarinn Gíslason á píanó. Eftir miðnætti tók síðan hljómsveitin Rós við. Veitingarnar annaðist Veisluþjónusta Hamraborgar á Ísafirði og veislustjóri var Guðfinna Hreiðarsdóttir.



Kolbrún Daníelsdóttir og Þóra Benediktsdóttir gæða sér á þeim veitingum sem í boði voru.



Hansína Einarisdóttir, Þorleifur Pálsson, Páll Sturlaugsson og Margrét Ólafsdóttir voru á meðal gesta á dansleiknum.



Þar voru einnig Guðrún Kristjánsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Guðmundína Hestnes og Anna Lóa Guðmundsdóttir.



Guðjón Brjánsson, Helga Sigmundsdóttir og Jóhann Torfason hlýða á söng Guðrúnar Jónsdóttur óperusöngkonu.



Hnífsdælingar taka lagið. Hér má m.a. þekkja Róbert Halldórsson, Halldór Friðbjarnarson, Kristján Pálsson, Svein Guðjónsson, Kolbrúnu Benediktsdóttur og Jóhann Ólafson.



Gamla árið fudrar upp eins og öll hin.

# Gamlársgleði í Hnífsdal

Það logaði glatt í áramótabálkestinum í Hnífsdal á gamlárskvöld og bæjarbúar sungu við bálíð svo undir tók í fjöllum. Veður var gott til brennu og söngs, eins og meðfylgjandi myndir ættu að sýna.



Ekki voru þeir allir barnfæddir Hnífsdælingar sem skemmtu sér við brennuna á gamlárskvöld.





**Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjan á Vestfjörðum**

# Mótmælir „röngum staðhæfingum“

„Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjan mótmælir þeim röngu staðhæfingum um undirstöðu sjávarútvegs á Vestfjörðum, sem komið hafa fram hjá þingmönnum kjör-

dæmisins, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, sveitarstjórnunum og félögum smábátaútgerðarmanna“, segir í ályktun sem samþykkt var samhljóða á aðalfundi félags-

ins á gamlársgang.

„Bylgjan bendir á, að 75 skip á aflamarki, með um 500 til 550 sjómönnum, eru gerð út frá Vestfjörðum. Þessi skip skiluðu 35.000 tonnum af bol-

fiski og 18.600 tonnum af rækju á land á árinu 1997. Í umræðunni undanfarna mánuði hefur algerlega verið horft fram hjá framlagi þessara sjómanna til atvinnulífs á Vest-


fjörðum. Félagið vill leggja áherslu á, að ekki verði gengið lengur á atvinnurétt þessara sjómanna með millifærslum á milli aflamarkskerfa“, segir enn fremur í ályktuninni.

**Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði**

## Fyrsta barnið á nýju ári var stúlka

Fyrsta barnið sem fæddist á Ísafirði á nýju ári var myndarleg stúlka, sem þegar hefur verið valið nafnið Weronika. Hún kom í heiminn á FSÍ kl. 04.42 aðfaranótt 2. janúar, var 50 cm á lengd og vó 3.325 grömm. Foreldrar hennar eru þau Dorota Myszk og Jan Kolka, starfsmaður í Fiskverkun Ásbergs í

Hnífsdal, en þau eru búsett að Dalbraut 1b í Hnífsdal. Börn sem fæddust á FSÍ á nýliðnu ári voru nokkrum færri en síðustu ár eða 76. Kynjaskiptingin var hnífjöfn: 36 drengir og 36 stúlkur. Árið 1997 voru börnin 85, þar af 50 drengir og 35 stúlkur, og árið 1996 voru þau 89, þar af 40 drengir og 49 stúlkur.



Weronika litla sefur vært hjá stoltum foreldrunum.

**Skrifstofa Vesturferða á Ísafirði í fyrsta opin allt árið**

# Miklar væntingar af komandi sumri

Vesturferðir ehf. á Ísafirði hafa nú í fyrsta sinn opna skrifstofu allt árið. Kristín Björnsdóttir, sem áður var starfsmaður söluskrifstofu Flugleiða á Ísafirði, annast nú skrifstofuna auk þess sem hún sér um sölu ferða fyrir ferðaskrifstofuna Úrval-Útsýn á Ísafirði. Í frétt frá Vesturferðum segir að nú sé unnið að því að bæta rekstrargrundvöll fyrirtækisins sem og að auka fjölbreytni starfseminnar.

Þar segir einnig að mikil bjartsýni ríki hér vestra og að mikils sé vænst af komandi sumri. Stefnt verður að því að auka hlut Vestfirðinga í ferðabjónustu utan háannatímans og er í því sambandi m.a. horft til sérstakra skoðunarferða. Aðstoð við skipulagningu

gönguferða um Hornstrandir er vaxandi þáttur í starfsemi Vesturferða og verður lögð mikil áhersla á að efla þann þátt á komandi sumri.

Vesturferðir munu í samvinnu við Allrahanda bjóða í fyrsta skipti í sumar upp á ferð sem farin verður frá Reykjavík, norður Kjöl í Skagafjörð, um alla Vestfirði og Snæfellsnes, en henni hefur verið gefið nafnið Western Horizon. Ferð þessi er nokkuð frábrugðin hefðbundnum Vestfjarðaferðum en í henni verður lögð sérstök áhersla á að þátttakendur kynnist náttúru og mannlífi svæðisins, fyrr og nú. Þá stefna Vesturferðir og Hótel Ísafjörður að því að bjóða brottfluttum Ísfirðingum að



heimsækja heimabæ sinn í vor. Gert er ráð fyrir vikudvöl á Hótel Ísafirði, skoðunarferðum, skemmtunum og fleiru á meðan á dvölinni stendur.

Þá munu Vesturferðir bjóða upp á margvíslegar skoðunar-

ferðir s.s. stuttar siglingar um Ísafjarðardjúp, fuglaskoðunarferð og skoðunarferðir um Ísafjörð, Bolungarvík, Flateyri og Þingeyri, þar sem áhersla verður lögð á söfn og kirkjur. Þá má nefna kvöld-

verðarboð í heimahús sem erlendum ferðamönnum þykir afar spennandi kostur, sögukvöld fyrir hópa, sjávarréttaveislu og gönguferð um Ísafjörð svo fátt eitt sé nefnt.

**Opnunartími í Snyrtihúsinu:**  
**Alla virka daga kl. 10 - 18**  
**Laugardaga kl. 11 - 15**  
*Snyrtihús Sóleyjar*  
 Hafnarstræti 9 • Ísafirði  
 Sími 456 5280

DENZEL WASHINGTON  
**HE GOT GAME**  
 Faðirinn, sonurinn og hinn heilagi leikur  
**Frum-mynd Vídeóhöllin**  
 Þar sem úrvalið er!

1978-1998  
  
**Golfferð til TÆLANDS**  
**27. jan - 18. feb**  
 Samvinnuferðir-Landsýn  
 Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7  
 Ísafirði • Sími 456 5390

Ljósritunarpappír í öllum regnbogans litum  
**Öll almenn prentun – góð þjónusta, gott verð!**  
 Tölvupappír í öllum stærðum og gerðum